

Jákvæð afkoma af rekstri Fljótsdalshéraðs á árinu 2006.

Fljótsdalshérað var rekið með 246 millj. kr. rekstrarafgangi á árinu 2006 samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta stofnanir sveitarfélagsins. Afkoma A-hluta var jákvæð sem nemur 237 millj. kr. Fyrir fjármagnsliði var rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um 393 millj.kr. á móti 354 millj. kr. í A hluta.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 2.248 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.993 millj. kr.

Rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði námu alls 1.854 millj. kr. í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af voru rekstrargjöld A hluta 1.639 millj. kr.

Veltufé frá rekstri nam 497 millj kr. hjá samstæðu A og B hluta, þar af er veltufé frá rekstri í A hluta um 419 millj. kr.

Fjárfestingar ársins námu nettó 753 millj. kr. hjá samstæðu A og B hluta, þar af 630 millj. kr. nettó í A hluta.

Lántökur námu 170 millj. kr. sem eru eingöngu hjá B hlutafyrirtækjum, HEF ehf og Sorpstöð Héraðs. Engar lántökur voru í A hluta.

Afborganir lána skv. ársreikningi samantekins A og B hluta námu samtals um 169 millj. kr., þar af 110 millj. kr. hjá A hluta.

Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2006 nam 1.312 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 1.111 millj. kr. Eiginfjárhlutfall hækkar milli ársloka 2005 og 2006 úr 30% í 33% og í A hluta úr 34% í 38%.

Þann 1. desember 2006 voru íbúar Fljótsdalshéraðs 4.644 og fjölgað um 18,9% á árinu. Skuldir og skuldbindingar á íbúa í A hluta sveitarsjóðs lækkuðu á árinu um 48 þús. kr. og voru í árslok 386 þús. kr. á meðan eignir lækkuðu um 33 þús. kr. á íbúa og námu 626 þús. kr. á íbúa.

Beitt er sömu reikningsskilaaðferðum og á árinu 2005.

Ársreikningur 2006 verður lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 21. mars 2007 og síðan til samþykktar í seinni umræðu þann 4. apríl.

Hægt er að nálgast afrit af ársreikningnum á heimasíðu Fljótsdalshéraðs www.egilsstadir.is undir liðnum stjórnslá/fjármál

Nánari upplýsingar gefa:

Guðlaugur Sæbjörnsson, fjármálastjóri
Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri

Símanúmer: 4-700-700

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings 2006 eru þessar:

Rekstrarreikningur ársins 2006:

	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Rauntölur 2006	Áætlun	Rauntölur 2006	Áætlun
Rekstrartekjur:				
Skatttekjur	1.553.262.413	1.417.000.000	1.548.246.602	1.417.800.000
Framlag jöfnunarsjóðs	164.473.074	127.560.000	164.473.074	127.560.000
Aðrar tekjur	275.727.287	284.221.000	535.342.128	528.500.000
	1.993.462.774	1.829.581.000	2.248.061.804	2.073.860.000
Rekstrargjöld:				
Laun og launat.gjöld	858.242.741	856.470.000	922.920.819	910.109.000
Lífeyrisskuldbinding, breyting	25.929.985	10.300.000	25.929.985	10.300.000
Annar rekstrarkostnaður	683.594.245	678.183.000	778.481.625	762.607.000
	1.567.766.971	1.544.953.000	1.727.332.429	1.683.016.000
Afskriftir	71.321.515	62.865.000	127.189.874	137.053.000
Fjármunatekjur (gjöld)	(93.548.598)	(119.113.000)	(174.132.878)	(209.127.000)
Framlög til eigin sjóða (gjöld)	(23.419.994)	(23.420.000)	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu			(615.530)	0
Tekjuskattur ársins			27.672.570	0
Rekstrarniðurstaða	237.405.696	79.230.000	246.463.663	44.664.000

Úr efnahagsreikningi ársins 2006:

	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	2006	2005	2006	2005
EIGNIR:				
Fastafjármunir:				
Óefnislegar eignir	0	0	1.640.231	1.694.905
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.113.515.129	1.554.715.571	3.394.193.451	2.768.237.960
Áhættufjármunir og langtímakröfur	173.958.035	176.509.772	66.187.408	38.689.744
	2.287.473.164	1.731.225.343	3.462.021.090	2.808.622.609
Veltufjármunir:				
Birgðir			189.257	189.257
Óinnheimtar skatttekjur	166.030.887	213.264.564	166.030.887	213.264.564
Næsta árs afb. eigin fyrirtæki	5.821.738	5.264.777	0	0
Næsta árs afb. langtímakrafna	1.873.122	2.897.330	2.082.314	3.095.969
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	235.029.873	183.310.049	0	0
Aðrar skammtímakröfur	62.196.506	93.323.531	102.501.983	109.028.206
Handbært fá	147.819.100	342.597.217	272.314.914	429.422.687
	618.771.226	840.657.468	543.119.355	755.000.683
Eignir samtals	2.906.244.390	2.571.882.811	4.005.140.445	3.563.623.292
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:				
Eigið fé:	1.110.600.192	873.194.496	1.311.762.412	1.065.298.749
Skuldbindingar:	207.654.826	185.061.250	220.890.107	197.511.677
Langtímaskuldir:	1.143.952.407	1.172.970.024	1.952.628.503	1.852.934.341
Skammtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir	0	0	0	2.113.629
Skuldir við eigin fyrirtæki	22.710.022	22.635.338	0	0
Næsta árs afb. langtímaskulda	115.756.715	106.699.975	177.170.462	150.048.930
Aðrar skammtímaskuldir	305.570.228	211.321.728	342.688.961	295.715.966
	444.036.965	340.657.041	519.859.423	447.878.525
Skuldir og skuldbindingar samtals	1.795.644.198	1.698.688.315	2.693.378.033	2.498.324.543
Eigið fé og skuldir samtals	2.906.244.390	2.571.882.811	4.005.140.445	3.563.623.292

ÚR SJÓÐSTREYMI 2006:

	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	2006	Áætlun	2006	Áætlun
Veltufjármunir:				
Veltufé frá rekstri	419.973.368	246.813.000	497.330.656	344.661.000
Breytingar á rekstrart. Eignum og skuldum	172.609.205	140.000.000	100.732.899	107.667.000
Fjárfestingarhreyfingar	(622.587.849)	(625.213.000)	(751.274.196)	(810.487.000)
Tekin ný langtímalán	0	0	170.048.333	105.000.000
Afborganir langtímalána	(109.791.288)	(89.399.000)	(168.664.747)	(144.534.000)
Afborgun lífeyrisskuldbindingar	(3.444.489)	(3.300.000)	(3.444.489)	(3.300.000)
Aðrar fjármögnunarhreyfingar	(51.537.064)	(10.931.000)	(1.836.229)	37.886.000
Breyting á handbæru fé, hækkun (lækkun)	(194.778.117)	(342.030.000)	(157.107.773)	(363.107.000)
	2006	2005	2006	2005
Handbært fé í árslok	147.819.100	342.597.217	272.314.914	429.422.687

LYKILTÖLUR:

Í hlutfalli við rekstrartekjur:	2006	2005	2004
Útsvör og fasteignaskattur	79,9%	72,7%	61,3%
Framlög Jöfnunarsjóðs	8,3%	12,5%	20,2%
Aðrar tekjur	13,8%	72,7%	18,5%
Rekstrartekjur samtals	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	44,4%	43,8%	50,7%
Annar rekstrarkostnaður	34,3%	31,9%	39,8%
Afskriftir	3,6%	3,2%	3,4%
Fjármagnsliðir	4,7%	4,2%	3,5%
Rekstrargjöld samtals	87,0%	83,1%	97,4%
Veltufé frá rekstri	21,1%	22,6%	11,9%
Fjárfestingarhreyfingar	(31,2%)	(22,9%)	(18,6%)